

Framhaldsaðalfundur íbúasamtaka Síðuhverfis
haldinn í Síðuskóla 21. september 2006

Dagskrá

- Kosning stjórnar (hverfisnefndar)
- Önnur mál

Formaður hverfisnefndar, Helga Eymundsdóttir, setti fund og bauð fundarmenn velkomna. Hún sagði aðalefni fundarins vera að ganga frá kosningu í nefndina þar sem ekki tókst að koma á nefnd á aðalfundinum í vor.

Dýrleif Skjöldal tók síðan við fundarstjórn. Hún taldi upp þá nefndarmenn sem gáfu ekki kost á sér til áframhaldandi setu en það eru Elín, Sigbór, Ingibjörg, Helga, Drífa og Dýrleif. Nefndarmennirnir Svala og Elías gáfu kost á sér áfram. Aðrir sem gáfu kost á sér eru Aðalheiður Bragadóttir, Arne Vagn Olsen, Gunnar Þór Gunnarsson, Hulfa Sif Hermannsdóttir, Guðný Björk Jónsdóttir og Guðbjörg Ingimundardóttir. Þessir frambjóðendur voru samþykktir með lófaklappi. Ný nefnd mun skipta með sér verkum á fyrsta nefndarfundi sem mun verða 2. okt.

Önnur mál

Dagforeldri í Síðuhverfi las tilkynningu frá dagforeldrum um slæma umgengni á Bugðuvelli (Rauða róló) sem margir dagforeldrar hafa aðgang að og hittast þar með börnin. Ljós eru brotin, rúður brotnar á skúrnum og hassflöskur og önnur tæki til eiturlyfjaneyslu hafa fundist á svæðinu. Þessi umgengni skapar ekki aðeins hættu fyrir börnin sem dagforeldrarnir annast heldur öll börn sem þarna leika sér. Dagforeldrar vilja virkja foreldra, börn og unglunga í hverfinu til þess að sporna við þessum skemmdarverkum og hafa þegar tekið málið til umfjöllunar á aðalfundi foreldra- og kennarafélags Síðuskóla. Talsverðar umræður sköpuðust um málið á fundinum og var helsta niðurstaðan sú að haft yrði samband við forvarnarfulltrúa Akureyrarbæjar og lýst eftir stuðningi og viðbrögðum frá honum um að eitthvað verði gert í málinu af hálfu bæjaryfirvalda. Nauðsynlegt er talið að svæðið verði a.m.k. betur lýst upp með ljósum sem ekki verða brotin niður. Dagforeldrar hafa beðið bæjaryfirvöld um eftirlitsmyndavélar á svæðið en ekki fengið jákvæð viðbrögð við þeirri beiðni. Málinu var vísað til nýrrar hverfisnefndar til frekari umræðu.

Benedikt Guðmundsson ræddi um mikinn umferðarpunga um Austursíðu með tilkomu hringtorgsins á Þjóðvegi 1 við Byko. Hann talaði fyrir hönd íbúa við Fögrusíðu sem eiga lóðarmörk að Austursíðu. Hann hefur ritað bréf til Umhverfissráðs Akureyrar þar sem hann fer þess á leit að komið verði til móts við íbúa vegna þess ónæðis sem íbúar hafa orðið fyrir við þá breytingu sem orðið hefur á umferð við Austursíðu. Talsverð umræða var um þetta mál á fundinum og lýstu margir fundarmenn áhyggjum vegna þessa.

Hulda Sif Hermannsdóttir opnaði á umræðu um fyrirhugaða byggingu fjölbýlishúss við Kjalarsíðu. Mikil umræða var um það mál. Voru fundarmenn sammála um að fyrirhuguð hæð þeirrar byggingar væri óásættanleg og töldu hana ekki í takt við þær byggingar sem væru umhverfis. Einnig lýstu margir áhyggjum sínum varðandi umferðarpunga sem skapast kann við fjölgun íbúða við Vestursíðu og í Kjalarsíðu. Tilkoma nýs leikskóla við Vestursíðu mun einnig auka umferðarpunga um Vestursíðu

og inn á Bugðusíðu á álagstímum. Fundurinn ákvað að gera athugasemd við það skipulag að setja svo stóra byggingu á svæðið við Kjalarsíðu. Jafnframt ályktaði fundurinn um umferðapunga sem skapast mun af svo mikilli þéttingu byggðar sem fyrirhuguð er við Kjalarsíðu og Vestursíðu.

Framhaldsaðalfundur Hverfisnefndar Síðuhverfis mótmælir eindregið fyrirhugaðri sex hæða byggingu fjölbýlishúss (reit 1.2.4. 3 íbv) á lóð þeirri sem verslunin Síða stendur nú á. Fundurinn bendir á að slík bygging muni vera í miklu ósamræmi við núverandi byggð, þar sem hæstu húsin eru þriggja hæða og tekur fundurinn undir orð þeirra sem skrifuðu nafn sitt á mótmælalibréfi þar sem bent er á að slík bygging muni hafa “stórfelld neikvæð sjónræn og veðurfarsleg áhrif í grónu íbúðahverfi.” Fundurinn hefur einnig miklar áhyggjur af þeirri auknu umferð sem fylgja mun slíkri byggingu og bendir á að fjöldi foreldra barna á leikskólanum Síðuseli deila sömu áhyggjum.

Framhaldsaðalfundur Hverfisnefndar Síðuhverfis lýsir yfir þungum áhyggjum vegna umferðar þeirrar sem hlýst af byggingum sem ætlað er að rísi í hverfinu. Nú þegar anna Vestur- og Bugðusíða tæplega umferð á álagstímum og ef til viðbótar koma 30 til 80 íbúðir á svæðinu þá liggur það í augum uppi að eitthvað hlýtur undan að láta. Fundurinn æskir þess að að skipulagsyfirlögd íhugi vel og vandlega umferðarmál við skipulagningu á svæðinu.

Fleira var ekki fært til bókar. Fundurinn sátu 49 íbúar Síðuhverfis.

Elín E. Magnúsd.